

Nr. 105 / 13 Æsa GK 115**Eldur um borð**

Skipaskr.nr. 6794
Smíðaður: Hafnarfjörður 1986, plast
Stærð: 5,97 brl. 5,94 bt.
Mesta lengd: 8,81 m Skráð lengd: 8,7 m
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,11 m
Vél: Cummins 187 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Æsa©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júlí 2013 var Æsa GK 115 á strandveiðum um 18 sml VNV af Garðskaga. Veður: NV 6 m/sek. (Garðskagi kl. 16:00)

Eftir að veiðunum lauk hélt skipstjóri til lands á fullri ferð og þegar sigldar höfðu verið um fimm sjómílar fór aðvörunarkerfi vélarinnar í gang. Hann sá þá að kælivatnshiti hafði stigið umtalsvert og jafnframt fór eldviðvörunarkerfi fyrir vélarúm í gang. Þegar hann leit aftur eftir bátnum sá hann að mikinn reyk lagði upp frá skutnum. Skipstjórinn sló af, stöðvaði vélina og kallaði út hjálparbeiðni á rás 16. Hann lokaði fyrir öndun niður í vélarrúmið og ræsti slökkvikerfi fyrir rýmið.

Strandstöð kallaði í nærstadda báta sem brugðust við og kom Tveir ásar HF 20 fljótlega á staðinn. Þegar frá leið sá skipstjórinn að ekki var um svartan reyk að ræða heldur gufu og opnaði hann þá niður í vélarrúmið. Sá hann að hosa á kælivatnskerfi vélarinnar hafði sprungið og kælimiðillinn sprautast á afgashverfil með fyrrgreindum afleiðingum. Dráttartaug var komið á milli bátanna og dró Tveir ásar Æsu til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að hosan var um 10 sm löng og lá í boga að afgashverflinum.
- að skipstjóri sagðist ekki hafa skipt um hosuna og reiknaði með að hún væri jafn gömul vélinni enda hafi hann átt bátinn um langan tíma.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að hosa rifnaði svo kælimiðillinn gufaði upp á nær 400°C heitum afgashverflinum.

Nefndin vill vekja athygli á að skipstjórinn brást rétt við aðstæðum.

Nefndin bendir sjómönnum smábáta á að mikilvægt er að skoða reglulega hosur og tengi á vélum í bátum þeirra.